



ÁRSSKÝRSLA 2015

GOLFKLÚBBURINN ODDUR
Sími: 565 9092 - oddur@oddur.is
www.oddur.is



Efnisyfirlit

4. Skýrsla stjórnar
5. Úrslit Meistaramóts GO 2015
6. Skýrsla formanns GO
13. Skýrsla Aga- og fræðslunefndar
16. Ársreikningur GO 2015
28. Skýrsla kvennanefndar
30. Pistill vallarstjóra
34. Skýrsla mótanefndar
36. Evrópumót kvennalandslíða á Urriðavelli 2016
38. Tölfræði GO 2015
39. Miðlar GO
40. Skýrsla afreksnefndar



Ársskýrsla GO 2015

Útgefandi: Golfklúbburinn Oddur

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Þorsteinsson


Umbrot: Jón Júlíus Karlsson

Ljósmyndir: Helga Björnsdóttir, Baldur Hólmsteinsson, Jón Júlíus Karlsson o.fl.

Prentun: Svansprent

Forsíðumynd tók Helga Björnsdóttir af Hrafnhildi Guðjónsdóttur

Sérstakar þakkir: Þorsteinn Kristinsson



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2015

Á síðasta aðalfundi sem fram fór 2. desember 2014 í golfskálanum á Urriðavelli voru eftirfarandi kosnir í stjórn:

Ingi Þór Hermannsson formaður til eins árs, Guðmundína Ragnarsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson stjórnarmenn til tveggja ára og Einar Geir Jónsson kjörinn varamaður til eins árs. Í stjórninni sitja áfram Svavar Geir Svavarsson og Ágústa Arna Grétarsdóttir.

Þorvaldur Þorsteinsson var ráðinn framkvæmdastjóri 15. apríl og vék um leið úr stjórn Golfklúbbsins Odds. Hann tók við starfinu af Emil Emilssyni sem hvarf til annarra starfa.

Stjórn Odds var því þannig skipuð á starfsárinu 2014/2015:

Ingi Þór Hermannsson:	formaður
Guðmundína Ragnarsdóttir	varaformaður
Ágústa Arna Grétarsdóttir	ritari
Einar Geir Jónsson	gjaldkeri
Svavar Geir Svavarsson	meðstjórnandi
Sigurður I. Halldórsson	áheyrnarfulltrúi GOF

Endurskoðendur ársreiknings:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarsson

Á starfsárinu voru haldnir 13 formlegir stjórnarfundir. Að auki voru haldnir fjöldi nefndar og vinnufunda vegna verkefna á vegum stjórnar GO. Í lok golfsumarsins 2015 voru 1.202 félagar skráðir í Golfklúbbinn Odd. Þarf af eru 105 skráðir í Ljúflingsaðild. Félögum fylgjaði um 62 á árinu 2015.



Guðbjörg Gísladóttir fór holu í höggi í sumar.

Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2015 á Urriðavelli og tilkynntu til Einherjaklúbbsins.

Guðmundur Þ. Guðmundsson	11. sept.		8. braut
Ragnheiður Erla Rósarsdóttir	31. ágúst		4. braut
Sigurður Árni Þórðarson	22. ágúst		15. braut
Guðbjörg Gísladóttir	11. ágúst		8. braut
Halldór Ragnar Emilsson	6. ágúst		4. braut
Sveinn Arason	3. ágúst		8. braut
Guðbjörg B. Pálsdóttir	24. júlí		8. braut
Soffía Friðbjörnsdóttir	20. júlí		4. braut
Sigríður Ólafsdóttir	4. júlí		15. braut
Guðmundur Karl Ágústsson	3. júlí		4. braut
Eyjólfur Á. Kristjánsson	13. júní		13. braut
Margrét Gunnlaugsdóttir	12. júní		4. braut
Guðmundur Ragnarsson	18. maí		13. braut

Vallarmet á Urriðavelli (par 71)

Teigar 58: 65 högg (-6)

Einar Haukur Óskarsson, GOB (2009) og Axel Bóasson, GK (2010)

Teigar 54: 63 högg (-9)

Guðmundur Ágúst Kristjánsson, GR (2010)

Teigar 49: 69 högg (-2)

Eygló Myrra Óskarsdóttir, GO - 69 högg (2009)

Starfsmenn GO 2015

Framkvæmdastjóri:	Þorvaldur Þorsteinsson
Skrifstofustjóri:	Jón Júlíus Karlsson
Vallarstjóri:	Tryggvi Ölver Gunnarsson
Vallarstarfsmenn:	Halldór Leifsson Kristinn S. Jónsson
Verkstæði:	Maron Tryggvi Bjarnason
Vallarþjónusta:	Baldur Hólmsteinsson
Afgreiðsla:	Svavar Geir Svavarsson Valdimar Júlíusson
	Anna Ragnheiður Jörundardóttir



Klúbbmeistarar GO 2015

- 271 kylfingur tók þátt í Meistaramóti Golfklúbbsins Odds í ár

Meistaramót Golfklúbbsins Odds fór fram 5.-11. júlí 2015. Þátttakan í mótinu í ár var góð en 271 kylfingur tók þátt í mótinu. Klúbbmeistarar í meistaraflokki karla og kvenna urðu þau Rögnvaldur Magnússon og Andrea Ásgrímsdóttir. Hér að neðan má sjá klúbbmeistara GO 2015 í öllum flokkum.

Klúbbmeistarar Golfklúbbsins Odds 2015

Meistaraflokkur karla

Rögnvaldur Magnússon 295 högg

Meistaraflokkur kvenna

Andrea Ásgrímsdóttir 323 högg

Sigurvegjarar í öðrum flokkum:

1. flokkur karla

Ragnar Gíslason 320 högg

1. flokkur kvenna

Aldís Björg Arnardóttir 357 högg

2. flokkur karla

Róbert Atli Svavarsson 328 högg

2. flokkur kvenna

Unnur H. Kristjánsdóttir 380 högg

3. flokkur karla

Gunnar Viðar 364 högg

3. flokkur kvenna

Ljósbrá H. Baldursdóttir 310 högg

4. flokkur karla

Hlöðver Bergmundson 366 högg

4. flokkur kvenna

Ásta Þórarinsdóttir 323 högg

5. flokkur karla

Magnús Arnarson 313 högg

5. flokkur kvenna

Helga Ólafsdóttir 364 högg

6. flokkur karla

Hilmar Vilhjálmsson 298 högg

Öldungaflokkur karla (55-69) 1. flokkur

Gunnlaugur Magnússon 245 högg

Öldungaflokkur karla (55-69) 2. flokkur

Hafsteinn Ragnarsson 286 högg

Öldungaflokkur karla (70+) 1. flokkur

Kristján Kristjánsson 267 högg

Öldungaflokkur karla (70+) 2. flokkur

Júlíus Thorarensen 280 högg

Öldungaflokkur kvenna (50-64) 1. flokkur

Margrét Aðalsteinsdóttir 276 högg

Öldungaflokkur kvenna (50-64) 2. flokkur

Erlín G. Bjarnadóttir 287 högg

Öldungaflokkur kvenna (65+) 2. flokkur

Elín Agnarsdóttir 293 högg

Drengir 11-13 ára 2. flokkur

Magnús Skúli Magnússon 196 högg



Valdimar Thorarensen sigraði í flokki öldunga 70 ára og eldri.



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2015

- Ingi Þór Hermannsson, formaður GO skrifar:

„Þörfin fyrir stækkun golfvalla á höfuðborgarsvæðinu sannarlega til staðar“

Frábæru starfsári okkar í Oddi er nú til enda runnið. Á þeim 15 árum sem sá sem þetta ritar hefur verið félagi í klúbbnum get ég fullyrt að aldrei fyrr hafi vellirnir okkar verið eins góðir og nú og starf okkar í jafnmiklum blóma. Viðbrögð félagsmanna sem og gesta hafa líka verið á einn veg. Mikil og almenn ánægja var með þjónustu úti á velli og í klúbbhúsi auk þess sem fengum mikið hrós fyrir snyrtimennsku og umgjörð alla.

Það er því við hæfi að hefja ársskýrsluna á því að færa starfsfólki klúbbsins þakkir stjórnar Odds fyrir dugnað, metnað og ósérhlífni við að gera upplifun okkar félagsmanna og gesta í sumar jafn ríkulega og raun ber vitni.

Veðrið var líka með okkur í liði þetta sumarið þó það hafi farið rólega af stað. Hiti var hærri en í

meðalári, sólskinsstundir fleiri og úrkoma minni, í það minnsta út ágúst. Völlurinn var opinn inn á sumarflatir frá 16. maí – 22. október, ekki ólíkt því sem hefur verið á undanförunum fimm árum.

Stjórn og starfsfólk

Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Ingi Þór Hermannsson, formaður, Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður og Þorvaldur Þorsteinsson, gjaldkeri. Fyrir í stjórninni sátu Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari og Svavar Geir Svavarsson meðstjórnandi. Einar Geir Jónsson var kjörin varamaður.

Þorvaldur sagði sig úr stjórninni í kjölfar ráðningar hans sem framkvæmdastjóra klúbbsins en Emil Emilsson hætti störfum sem framkvæmdastjóri í vor. Einar Geir tók við gjaldkerastörfunum í kjölfarið. Sigurður Ingi Halldórsson sat stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi samkvæmt samningi við landeigendur og með stjórn starfaði einnig Þorvaldur Ólafsson á tímabilinu.

Stjórnin hélt 13 bókaða stjórnarfundum á árinu.

Á starfsárinu lét einnig Erna Flygering af störfum. Stjórn klúbbsins færir Emil og Ernu bestu þakkir fyrir störf í þágu klúbbsins á undanförunum árum. Í stað Ernu var Jón Júlíus Karlsson ráðinn á skrifstofuna.

Engar breytingar urðu í röðum fastráðinna vallar-



Ingi Þór Hermannsson, formaður GO.

starfsmanna. Tryggvi Ölver Gunnarsson er vallarstjóri en árið í ár var það hans 16. í röðinni. Með honum við umsjón valla og tækja störfuðu þeir Halldór Leifsson, Kristinn S. Jónsson og Maron Tryggvi Bjarnason í föstu starfi. Að auki komu 12 starfsmenn að umhirðu vallarins í sumar.



Að vanda stóðu Svavar Geir Svavarsson og Valdimar Júlíusson vaktina í afgreiðslunni með hjálp frá Önnu Ragnheiði Jörundardóttur. Að auki starfaði Baldur Hólmsteinsson við vallarþjónustu af sinni landskunnu ljúfmennsku og þjónustulund. Golfkennsla var í höndum þeirra Phill Hunter og Magnúsar Birgissonar en með þeim störfuðu Rögnvaldur Magnússon og Andrea Ásgrímsdóttir auk nokkurra unglunga úr klúbbum sem veittu aðstoð við barnanámskeið. Veitingaþjónusta var í umsjón Par 3 ehf., þeirra Nikulásar og Pálinu eins og undanfarin ár.

Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1.202 og fjölgaði félögum um 62 frá fyrra ári. Af þeim eru 1.097 með fulla félagsaðild en 105 félagar eru með Ljúflingsaðild.

Bókaðir hringir félagsmanna á Urriðavelli voru 23.506. Til samanburðar voru 22.718 hringir bókaðir í fyrra og því er nokkur aukning á milli ára. Konur í golfklúbbum Oddi eru nú 488 talsins eða 41% félagsmanna. Sem fyrr er Oddur með hæsta hlutfall kvenna í sínum röðum í samanburði við aðra golfklúbba. Stjórn klúbbsins er stolt af þessari þróun og ber þróttmiklu kvennastarfi góðan vott. Aðra tölfræði má finna síðar í skýrslunni.

Félagsstarf

Maður er manns gaman segir máltækið. Segja má að áherslur stjórnar á liðnu starfsári hafi ver-

ið umfram annað að efla félagsanda og samveru félaga. Í þessu sambandi var lögð mikil áhersla að miðla upplýsingum um starfsemi klúbbsins til félagsmanna. Ný heimasíða var tekin í nokun á árinu og rafræn fréttabréf voru send út vikulega eða oftar yfir golftímabilið um viðburði eða fréttir af starfinu okkar. Við erum ánægð með útbreiðsluna og lestur því 90% félagsmanna fá fréttabréfið með tölvupósti og lestur bréfsins er um 45% að jafnaði. Auk þess birtast fréttirnar á fésbókarsíðu klúbbsins.

Haldnir voru fræðslufundir og reglunámskeið eins og undanfarin ár en af nýjungum í félagsstarfi má nefna jólahlaðborð og vinkynningu. Nánar um viðburði á starfsárinu má sjá í skýrslu Fræðslunefndar.

Aðstaðan í Kaupþúni var vel nýtt á liðnum vetri til æfinga og samveru. Því miður er staðan sú að klúbburinn hefur ekki lengur afnot af Kaupþúni og ekki hefur enn tekist að finna annað húsnæði til vetrarstarfsins sem klúbburinn treystir sér til leigu á. Það verkefni biður nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra að leysa því mikilvægi þessa þáttar í félagsstarfi klúbbsins er ótvírætt og vilji félagsmanna skýr.

Kvennastarf var í miklum blóma í sumar sem fyrr og eldri karlar eru að móta með sér samveru innan sem utan golfvallar.



Meistaramót klúbbsins var haldið í fyrri hluta júlí og er samkvæmt venju stærsti viðburðurinn í starfi klúbbsins á hverju ári. Þátttaka var mjög góð sem fyrr en í ár skráðu 271 kylfingar sig til leiks í 22 flokkum. Klúbbmeistarar í ár urðu þau Andrea Ásgrímsdóttir og Rögnvaldur Magnússon. Meistaramótinu lauk með veglegu lokahófi þar sem árangur bestu kylfinganna var verðlaunaður. **Frh. á næstu síðu.**

Holukeppnin var nú haldin öðru sinni og holu-meistari í ár var Elín Hrönn Ólafsdóttir.

Innanfélagsmót eru einnig vinsæl og stór hluti af félagsstarfinu á hverju ári. Mótaröðin var með breyttu sniði þetta árið, bæði hvað tímasetningar varðar og fyrirkomulag. Mótanefnd hafði gleði og gaman að leiðarljósi við skipulagningu en skýrslu mótanefndar má finna síðar í skýrslunni.

Eins og undanfarin ár var efnt til haustferðar. Að þessu sinni lá leiðin til Novo Skt. Petri á Spáni. Heppnaðist ferðin afskapleg vel ef frá er talin töf við brottför og var aðstaða öll til fyrirmyndar bæði hótél og golfvelli.

Afreks-, barna- og unglíngastarf

Þrátt fyrir takmarkaða fjárhagslega getu leggur klúbburinn áherslu að starfrækja íþróttastarf. Á tímabilinu var lögð áhersla á að efla starf barna- og unglínga. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að draga úr kostnaði barna við félagsaðild og tekinn var upp systkinaafsláttur. Auk þess var settur meiri þungi í barna- og unglínganámskeið. Segja má að vel hafi til tekist því mun fleiri börn lögðu leið sína til okkar en árið áður. Innifalið í barnanámskeiðunum í ár var Ljúflingsaðild að klúbbnum og með því urðu krakkarnir félagar í Oddi. Krakkarnir voru svo kallaðir til æfinga í ágúst og september og nýttu 20 krakkar sér það. Er það von okkar að hluti þeirra haldi áfram með okkur á næsta ári og verði framtíðar meðlimir í klúbbnum.

Æfingar keppnissveita voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Klúbburinn tók þátt í sveita-keppnum Golfsambandsins. Bestum árangri náði



sveit eldri kylfinga karla sem hafnaði í þriðja sæti í efstu deild.

Að þessu sinni átti Oddur einn keppanda á Íslandsmótinu í golfi, Ottó Axel Bjartmarz. Óttó stóð sig vel á mótinu, endaði í 32. sæti af þeim sem komust í gegnum niðurskurðinn. Vel gert hjá Ottó og gaman hefur verið að fylgjast með honum vaxa ár frá ári í afreksstarfi klúbbsins. Sjá nánar í skýrslu afreksnefndar.

Ástand valla og framkvæmdir

Eitt það fyrsta sem félagsmenn tóku eftir í byrjun sumars þegar leikur hófst inn á sumarflatir voru breytingar á teigmerkingum. Horfið var frá hefðbundnum litamerkingum og þess í stað teigar merktir með lengd vallar af viðkomandi teig. Markmið með þessum breytingum er að gera golfið enn ánægjulegra og hvetja kylfinga til að velja sér teiga á grundvelli getu fremur en staðlaðra og úreltra kynjagilda. Það er miklu skemmtilegra að vera að pútta fyrir fugli eða pari en að bjarga skollanum. Ánægjulegt var að sjá hversu vel félagsmenn tóku þessum breytingum og margir hafa fært í tal jákvæða upplifun sína af breytingunum. Lagður var metnaður í það að hafa

Urriðavöllur var í frábæru ásigkomulagi í sumar. Vallarstarfsmenn eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf í ár. Á myndinni er séð yfir 10. braut sem er ein glæsilegasta golfhola landsins.



merkingarnar vandaðar strax í byrjun og eins og í verðlaunagripum klúbbsins var útlit sótt í bauta-steinana sem standa við hverja braut.

Á æfingasvæðinu var um helmingur æfingabolta endurnýjaður með stuðningi frá Borgun og Sam-sung. Gert er ráð fyrir því að ljúka endurnýjun æf-ingaboltanna á næsta ári.



Nýjar teigmerkingar á Urriðavelli hafa mælst vel fyrir meðal félaga og gesta.

Verkefni vallarstarfsmanna var óvenju stórt í vor því ýmislegt hafði farið úrskeiðis eftir efnisflutninga Urriðaholts þvert yfir völlinn, sem stóðu frá nóvember fram í mars. Til að mynda þurfti að laga aðra braut Urriðavallar umtalsvert en eftir að Tryggvi og hans menn fóru höndum um hana er brautin nú enn betri en áður. Handbragð þeirra leynir sér heldur ekki eftir lagfæringar á tjörninni við aðra braut en ekki tókst þeim að ljúka við lagfæringar á tjörninni við fimmtu braut í haust vegna mikilla rigninga. Það verkefni bíður næsta vors en sú tjörn mun færast fjær trjálundinum en nær brautinni og því verða meira í leik en áður. Einnig lauk framkvæmdum við stíga á fjórðu braut og einnig endurgerð fimmtándu brautar. Er nú svo komið að allar þar 3 holur vallarins eru með varanlegan stíg svo nú eiga golfbílar aldrei að þurfa að fara af stíg á þeim brautum. Þá lauk lagfæringum á glompu við fjórðu braut í vor og einnig á glompum við þriðju braut sem hófust eftir að leik lauk í haust.

“

Horfið var frá hefðbundnum litamerkingum og þess í stað teigar merktir með lengd vallar af viðkomandi teig. Markmið með þessum breytingum er að gera golfið enn ánægju-legra og hvetja kylfinga til að velja sér teiga á grundvelli getu fremur en staðlaðra og úr-eltra kynjagilda.

Á undanförunum tveimur árum hefur tækjakostur sem klúbburinn hefur til ráðstöfunar til vallar-umhirðu batnað til muna. Það ásamt því að hafa fært og reynslumikið fólk að störfum hefur fært okkur félagsmönnum frábærar aðstæður sem við kunnum sannarlega að njóta. Sennilega hafa flatir vallarins sjaldan verið í jafngóðu ástandi og hraðar eins og á liðnu sumri.

Vinavellir

Samningar voru gerðir við Strandarvöll við Hellu, Húsatóftarvöll við Grindavík, Þorláksvöll við Þorlákshöfn, Hamarsvöll við Borgarnes, Garðavöll á Akranesi og Glannavöll við Bifröst auk Haukadalsvallar við Geysi. Spiluðum hringjum á vinavöllum fjölgaði nokkuð á milli ára.

Golfhreyfingin

Golfþing var haldið um miðjan nóvember. Þar var gerð grein fyrir framvindu stefnu golfhreyfingarinnar sem var mótuð tveimur árum áður og byggir ekki síst á styrkja stöðu golfíþróttarinnar á Íslandi meðal almennra kylfinga. Stefnan byggir á að breiða út íþróttina og auka upplýsingastreymi auk annara þátta.



Fatnaður merktur GO var sjáanlegur hjá klúbbum í sumar.

Haldnir voru samráðsfundir stjórnar GO með stjórn Gólf sambandsins þar sem farið var yfir áherslur og þjónustu við golfklúbba. Þróun á vefsvæðinu golf.is var meðal þess sem rætt var enda mikilvægur þáttur fyrir hinn almenna kylfing sem og golfklúbba í daglegum störfum. Félagi okkar Haukur Örn Birgisson var kjörinn forseti gólf sambandsins á ný til tveggja ára. Einnig var Haukur nú nýverið kjörinn í stjórn evrópska gólf sambandsins. Kjör hans er í senn viðurkenning á hans störfum fyrir evrópska golfhreyfingu og á stöðu gólf á Íslandi í samanburði við önnur evrópuríki. **Frh. á næstu síðu.**

“

Landeigendur hafa sýnt stækkun Urriðavallar um 9 holur mikinn áhuga og hafa unnið að því að koma sjónarmiðun varðandi stækkunina á framfæri við skipulagsyfirvöld í Garðabæ. Í því skyni hafa þeir kostað gerð deiliskipulags fyrirhugaðs svæðis og lagt fram sem sýn landeigenda á framtíðarnotkun svæðisins.

Stjórn GO óskar Hauki til hamingju með kjör til beggja embætta.

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GSÍ, lætur senn af störfum eftir 16 ára starf fyrir golfhreyfinguna. Stjórn Odds færir Herði þakkir fyrir samstarfið og hans framlag til framgangs golfs á Íslandi.

Samstarf við landeigendur

Eins og áður hefur verið getið í skýrslunni áttu sér stað umtalsverðir efnisflutningar um vallarsvæðið í vetur. Ekki var gengið frá samningum við okkur leigutaka áður en framkvæmdirnar hófust sem við stjórnarmenn voru ósáttir við eins og gefur að skilja. Það er hinsvegar skemmst frá því að segja að sættir tókust með aðilum um bætur vegna óþæginda og hvernig staðið yrði að lagfæringum á þeim skemmdum sem flutningatækin unnu á vegum og næsta nágrenni. Frágangi eftir flutninganna og lagfæringum á skemmdum er nú að fullu lokið.

Brýnasta verkefnið að okkar mati nú er að fá geymsluhúsnæði byggt á svæðinu. Til þessa hafa gámar verið notaðir til geymslu og eru þeir úr sér gengnir og halda hvorki vatni né vindi. Síðustu ár hefur klúbburinn leyst geymsluvandamál yfir vetrartíma með því að fá húsnæði leigt með skammtímaleigu. Með auknum uppgangi í hagkerfinu verður það æ snúnara verkefni. Ný tæki eru í auknu mæli búin tölvubúnaði og því viðkvæm fyrir íslensku veðurfari og hætt er við skemmdum og skemmri líftíma ef ekkert verður að gert. Lagðar hafa verið grófar hugmyndir fyr-

ir landeigendur að byggingu u.þ.b. 200 fermetra stálgrindahúss sem við vonumst til að verði að veruleika án þess að leggja miklar auknar byrðar á rekstur klúbbsins.

Önnur áhugaverð verkefni sem haldið er á lofti við landeigendur til skemmri tíma er bygging nýrra framteiga, sér í lagi á tíundu og fjórtánda braut Urriðavallar.

Stækkun Urriðavallar

Vinna við aðalskipulag Garðabæjar fyrir tímabilinu 2016 - 2030 hefur staðið yfir frá því á síðasta ári. Landeigendur hafa sýnt stækkun Urriðavallar um 9 holur mikinn áhuga og hafa unnið að því að koma sjónarmiðun varðandi stækkunina á framfæri við skipulagsyfirvöld í Garðabæ. Í því skyni hafa þeir kostað gerð deiliskipulags fyrirhugaðs svæðis og lagt fram sem sýn landeigenda á framtíðarnotkun svæðisins sem rúmist innan Aðalskipulags Garðabæjar.

Deiliskipulagið tekur ekki einungis til notkunar lands undir golfvöll heldur dregur einnig upp sýn

Verði af stækkun Urriðavallar mun völlurinn teygja sig inn í Flatahraun.





Ræst út í meistaramót GO. Mótið fer fram viku síðar á næsta ári en hefð er fyrir vegna EM kvenna.

hvernig önnur útivist getur átt samleið með okkur kylfingum. Hugmyndir gera ráð fyrir að stígur um svokallaðan græna trefill, sem er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæða ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins, fari um Urriðavöll og skáli okkar og veitingaþjónusta geti verið áningastaður á leið vegfarenda um svæðið. Varðandi stækkun golfvallarins sjálfs að þá er byggt á eldri hugmyndum um nýjar brautir í hrauninu í og við gömlu námuna og í hraunlægðinni norð-austan megin í landinu sem nú þegar hefur verið raskað með göngustígum og gróðursetningum. Yrðu brautir þá lagðar upp að hinu sérstaka brunahrauni sem við sjáum svo vel á loftmyndum en er nú hulið birkigróðri að mestu yfir sumartímann.

Í dag er svo komið að golfklúbbar á höfuðborgarsæðinu eru orðnir yfirfullir og getur reynst erfitt að fá rástíma á vinsælustu tímum. Þörfin fyrir stækkun golfvalla á höfuðborgarsvæðinu er því sannarlega til staðar sé horft 5 – 10 ár fram í tímann. Eins og ég ræddi um á síðasta aðalfundi var gerð hagkvæmnisúttekt í fyrra á því að stækka Urriðavöll í 27 holur. Óumdeilt er að slík stækkun myndi hafa mjög jákvæð áhrif á aðgengi félagsmanna að rástímum auk hinna fjárhagslegu áhrifa.

Hér eru sannarlega spennandi hugmyndir settar fram og vonandi ná hugmyndir um landnýtingu í þessa veru fram að ganga í meðferð og samþykkt Aðalskipulags Garðabæjar. Það mun því væntanlega skýrast á næsta ári hverju fram vindur í þessu máli.

Evrópumót kvennalandsliða á Urriðavelli 2016

Evrópska golfsambandið fól Golfsambandi Íslands að halda Evrópumót kvennalandsliða áhugamanna í golfi á næsta ári. Ljóst er að um er að ræða eitt stærsta verkefni sem golfhreyfingin hefur tekið að sér. Von er á 15 – 20 landsliðum til keppni í byrjun júlí. Stjórn Odds samþykkti samhljóða erindi GSÍ um að Urriðavöllur verði vettvangurinn fyrir þetta mót og Oddur mun annast undirbúning og framkvæmd í samstarfi við stjórn GSÍ.



Þá liggur fyrir að Meistaramót klúbbsins færirst til um viku en til skoðunar er að stytta mótið að þessu sinni þannig að dögum undir mótahald fækki.

Val á Urriðavelli og Oddi fyrir þetta verkefni er mikil viðurkenning á okkar umhverfi og starfi. Við þökkum það traust sem okkur er sýnt og munum við gera okkar allra besta til að mótið verði okkur og golfþróttinni á Íslandi til sóma.

Frh. á næstu síðu.



15. flöt er minnsta flöt Urriðavallar og er aðeins 150 fermetrar.



Við vonum að félagsmenn leggist allir á eitt við að gera mótið að glæsilegum viðburði og taki þátt í framkvæmd þess, sem sjálfbóðaliðar eða áhorfendur. Fyrir þá sem vilja spila golf þessa viku þá mun stjórn klúbbsins leggja sig fram við að gera hagstæða samninga við aðra golfklúbba sem tryggi okkar félagsmönnum aðgang á sanngjörnum kjörum. Þá liggur fyrir að Meistaramót klúbbsins færir til um viku en til skoðunar er að stytta mótið að þessu sinni þannig að dögum undir mótahald fækki.

Að lokum

Ljóst er að mikil vinna fer í undirbúning og framkvæmd Evrópumótsins á næsta. En vilji stjórnar stendur til þess að efla enn frekar félagsstarf og félagsanda. Að þessu tvennu verður ötullega unnið á næsta ári af hálfu stjórnar. Jafnframt verður spennandi að fylgjast með hvort hugmyndir land-

eiganda um landnýtingu nái fram að ganga sem er gríðarlegt hagsmunamál fyrir félagsmenn.

En hvernig sem öllu þessu reiðir af að þá er alveg ljóst að við munum skemmta okkur vel á golfvellinum á næsta sumri.


Ég ítreka þakkir til starfsmanna klúbbsins fyrir vel unnin störf. Einnig bestu þakkir til samstarfsmanna og fyrirtækja sem lögðu starfseminni lið á liðnu ári. Og síðast en ekki síst þakka ég meðstjórnendum mínum og öllum sjálfbóðaliðum sem lögðu vinnu af mörkum við að efla starf okkar á starfsárinu.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum farsældar á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds

Ingi Þór Hermannsson,

Formaður



LEIKIÐ AF TEIG 49

Gerðar voru breytingar á teigmerkjum Urriðavallar í sumar og í stað líta voru teigmerki merkt númerum sem endurspegla lengd vallar af viðkomandi teig. Þessar breytingar urðu til þess að karlar léku talsvert meira af teig 49 (áður Blár teigur). Markmiðið með þessum breytingum er ekki síst að auka ánægju kylfinga við golfleik enda öllu skemmtilegri íþrótt þegar reynt er við fugl eða par í stað að vera stöðugt að bjarga skollanum. Hefja á vinnu við að búa til framteiga til að konur geti einnig fært sig framar sé þörf á.



Skýrsla fræðslunefndar

- Ágústa Arna Grétarsdóttir, formaður ritar:



Fræðslunefnd árið 2015 skipuðu þær Ágústa Arna Grétarsdóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hlíf Hansen og Sonja María Hreiðarsdóttir. Fræðslunefnd hét áður félagsstarfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar er eftir sem áður, að stuðla að fræðslu til félagsmanna og efla félagsstarf og félagsanda.

Fallið var frá því að þessu sinni að vera með nýliðakvöld vegna dræmrar þátttöku á síðasta ári og fengu nýliðar þess í stað afhentar, skriflegar upplýsingar, um starfsemi klúbbsins, ásamt golfreglubókinni. Áfram verður leitað leiða til þess að standa sem best að því að taka á móti nýliðum í klúbbinn og miðla til þeirra fræðslu t.d. varðandi forgjafarkerfið og helstu umgengnis-, siða- og golfreglur.

Félögum í GO hefur staðið til boða að sækja endurgjaldslaust, golfreglunámskeið, 1-2 sinnum á ári. Reglunámskeiðið hefur verið í höndum

Þórðar Ingasonar alþjóðadómara og var í ár haldið þann 23. maí. Reglunámskeiðið er ætlað bæði vönnum sem óvönnum kylfingum og var vel sótt að venju enda engin ný sannindi að góð þekking á golfreglunum eykur ánægju og árangur í golfi.

Þann 10. júní var fræðsufundur og fyrirlesari að þessu sinni var Jóhann Ingi Gunnarsson íþróttasálfræðingur. Heiti fyrirlestrarins var, árangursríkt hugarfar. Húsfyllir var á fundinum og góður rómur gerður að fyrirlestrinum enda hafa margir kylfingar áttað sig á því að góður árangur í golfi snýst ekki síst um jákvætt, yfirvegað og einbeitt, hugarfar.

Markmið fræðslunefndar er að stuðla að enn öflugra fræðslu- og félagsstarfi á komandi árum.

*F.h. fræðslunefndar,
Ágústa Arna Grétarsdóttir*

Agalega gott ár

Skýrsla aganefndar

Aganefnd þetta árið skipuðu Guðmundína Ragnarsdóttir, Haukur Örn Birgisson og Þórður Ingason. Aganefnd þurfti ekkert að koma saman enn eitt árið enda ekkert tilefni til. Það er afar ánægjulegt og sýnir ótvírætt GO félagar eru vel að sér í golfreglum og -siðum.

*F.h. aganefndar,
Guðmundína Ragnarsdóttir formaður.*





**GOLFHJARTAÐ SLÆR
Á URRÍÐAVELLI**





Golfklúbburinn Oddur

Ársreikningur 2015

**Golfklúbburinn Oddur
Kennitala 611293-2599
Pósthólf 116, 212 Garðabær**

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	9-11

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbsins Odds og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2014 til 31. október 2015 með undirskrift sinni.

Garðabæ, 3. desember 2015

Í stjórn Golfklúbbsins Odds:

Þorsteinn Þorsteinsson
Guðmundur Ragnvaldur
Einar Guðjónsson
Guðrún Eiríksdóttir
Agústa Anna Gíttardóttir

Framkvæmdastjóri

Fransdur Franzson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Golfklúbbum Oddi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Golfklúbbsins Odds fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu klúbbsins á rekstrarárinu 2015, fjárhagsstöðu hans 31. október 2015 og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 3. desember 2015


Davíð Einarsson


Helgi P. Arnarson

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2014 til 31. október 2015

	Skýringar	1.11.2014- 31.10.2015	1.11.2013- 31.10.2014
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld	2	94.191.945	89.581.900
Vallartekjur	3	29.148.388	26.482.050
Styrkir og fjáraflanir	4	27.526.974	19.799.640
Aðrar tekjur	5	8.942.448	7.386.826
		159.809.755	143.250.416
 Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	6	2.644.122	2.248.350
Laun og launatengd gjöld	7	76.314.050	65.932.881
Íþróttastarf	8	14.551.838	10.872.805
Rekstur Urriðavallar	9	38.053.659	35.216.213
Rekstur golfskála og bygginga	10	6.768.511	5.888.912
Rekstur véla og tækja	11	14.975.438	15.967.530
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	12	8.365.591	6.543.887
		161.673.209	142.670.578
 Rekstrarhagnaður f. afskr. og fjármagnsliði		 (1.863.454)	 579.838
Afskriftir fastafjármuna		189.656	223.125
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		686.898	849.287
Vaxtagjöld og verðbætur		(400.216)	(518.318)
		286.682	330.969
 Hagnaður (tap) tímabilsins		 (1.766.428)	 687.682

Efnahagsreikningur 31. október 2015

Eignir	Skýringar	31.10.2015	31.10.2014
Fastafjámunir			
Vallareftirlitsbill		<u>1.074.719</u>	<u>1.264.375</u>
Veltufjámunir			
Viðskiptakröfur		6.303.449	6.311.630
Birgðir, endursöluvörur	6	2.651.620	1.637.894
Rekstrarvörubirgðir		2.094.050	0
Handbært fé	13	<u>5.315.289</u>	<u>7.220.029</u>
		16.364.408	15.169.553
Eignir samtals		<u><u>17.439.127</u></u>	<u><u>16.433.928</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	14	6.650.413	8.416.841
Skammtímaskuldir			
Ógr laun og launatengd gjöld	15	5.795.929	3.162.899
Ýmsar skammtímaskuldir	16	<u>4.992.785</u>	<u>4.854.188</u>
		10.788.714	8.017.087
Skuldir samtals		10.788.714	8.017.087
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>17.439.127</u></u>	<u><u>16.433.928</u></u>

Sjóðstreymi 1. nóvember 2014 til 31. október 2015

	1.11.2014- 31.10.2015	1.11.2013- 31.10.2014
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (táp) ársins	(1.766.428)	687.682
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	189.656	223.125
	(1.576.772)	910.807
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8.181	(2.241.637)
Birgðir	(3.107.776)	286.989
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	2.771.627	(3.757.910)
	(327.968)	(5.712.558)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(1.904.740)	(4.801.751)
Fjárfestingahreyfingar		
Framkvæmdir á golfvelli	0	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	0	0
	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Ný langtímalán	0	0
Afborganir langtímalána	0	0
	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.904.740)	(4.801.751)
Handbært fé í byrjun tímabils	7.220.029	12.021.780
Handbært fé í árslok	5.315.289	7.220.029

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.3 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar til eignar á innkaupsverði.

1.4 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir. Yfirdráttur við lánastofnanir er færður á meðal skammtímaskulda.

1.5 Samningur við Golfklúbb Oddfellowa

Þann 25. nóvember 2010 var undirritaður samningur við Golfklúbb Oddfellowa um leigu á öllum eignum Golfklúbbs Oddfellowa í Urriðavatnsdölum. Nánar er hér um að ræða 18 holu golfvöll GOF ásamt æfingaaðstöðu, golfskála, vélageymslu með tilheyrandi lausafé og níu holu æfingarvellingum Ljúflingi auk véla og tækja. Samningurinn var endurnýjaður í nóvember 2013 til 3ja ára. Leigugjaldið fyrir ofangreind afnot eru kr. 26.000.000 árlega, auk þess kr. 5.000.000 fyrir afnot af vélum og tækjum sem hækkar um 1.000.000 árlega til loka samnings. Leigugjald fyrir vélar og tæki var 6.000.000 fyrir árið 2015.

Sundurliðanir

	1.11.2014- 31.10.2015	1.11.2013- 31.10.2014
2. Félagsgjöld		
Félagsgjöld	93.165.945	89.052.900
Inntökugjald.....	1.026.000	529.000
	<u>94.191.945</u>	<u>89.581.900</u>
3. Vallartekjur		
Urriðavöllur.....	6.619.191	5.114.500
Ljúflingur.....	6.972.500	5.564.100
Tekjur af mótahaldi.....	12.217.010	12.965.650
Gjöld v/ vallartekna og mótahalds.....	(959.510)	(1.272.100)
Tekjur af boltavél á æfingasvæði.....	4.457.509	4.079.400
Gjöld af boltavél á æfingasvæði.....	(203.812)	0
Aðrar vallartekjur.....	45.500	30.500
	<u>29.148.388</u>	<u>26.482.050</u>
4. Styrkir og fjáröflun		
Styrkir og stuðningur fyrirtækja.....	21.526.974	13.799.640
Styrkir sveitarfélaga.....	6.000.000	6.000.000
	<u>27.526.974</u>	<u>19.799.640</u>
5. Aðrar tekjur		
Leigutekjur af golfskála.....	2.576.485	2.261.491
Lottó-getraunir.....	1.521.930	1.065.950
Vorusala	3.402.691	2.997.585
Aðrar tekjur	1.441.342	1.061.800
	<u>8.942.448</u>	<u>7.386.826</u>
6. Vörunotkun		
Innkaup til endursölu	3.657.848	1.961.361
Vörubirgðir í ársbyrjun	1.637.894	1.924.883
Vörubirgðir í árslok	(2.651.620)	(1.637.894)
	<u>2.644.122</u>	<u>2.248.350</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Launagreiðslur	57.340.993	49.502.933
Tryggingargjald	4.860.161	4.260.803
Lífeyrissjóðsgjöld	5.320.890	4.590.562
Sjóðagjöld	1.033.423	828.288
Aðkeypt vinna	2.043.763	1.543.632
Bifreiðaafnot og bifreiðakostnaður starfsmanna	2.132.566	1.954.544
Ábyrgðartryggingar	131.223	100.881
Fæðiskostnaður vallarstarfsmanna	2.554.987	2.296.661
Endurgreiddur fæðiskostnaður	(376.100)	(321.590)
Önnur launatengd gjöld	428.443	484.215
Vinnufatnaður	843.701	691.952
	<u>76.314.050</u>	<u>65.932.881</u>

Sundurliðanir

	1.11.2014- 31.10.2015	1.11.2013- 31.10.2014
8. Íþróttastarf		
Þáttaka í mótum	545.704	427.700
Rekstur keppnissveita	323.087	129.660
Verðlaun	875.000	790.249
Þjálfun og kennsla	2.585.250	2.398.750
Æfingaraðstaða Kauptúni	2.426.821	778.900
Félagsgjöld (aðildargjöld að GSÍ o.fl.)	5.302.976	4.964.546
Vallargjöld á vinavelli	2.493.000	1.383.000
	<u>14.551.838</u>	<u>10.872.805</u>
9. Rekstur Urriðavallar		
Leiga til GOF	22.000.000	26.000.000
Almennt viðhald vallar	7.349.473	3.051.157
Áburður og fræ	4.922.723	4.140.792
Túnþökur	610.000	324.500
Jarðefni, mold, sandur og akstur	2.934.655	1.420.684
Aðrar framkvæmdir á velli	236.808	279.080
	<u>38.053.659</u>	<u>35.216.213</u>
10. Rekstur golfskála og bygginga		
Viðhald húss og áhalda	985.983	401.204
Rafmagn og hiti	2.427.253	2.589.974
Rekstur öryggiskerfa	351.798	266.773
Sorphirða	1.952.987	1.543.859
Annar kostnaður	1.050.490	1.087.102
	<u>6.768.511</u>	<u>5.888.912</u>
11. Rekstur véla og tækja		
Varahlutir og viðgerðir tækja	3.184.690	5.300.710
Eldsneyti og olíur	2.660.197	3.339.257
Vátryggingar og skattar	436.397	417.024
Smááhöld, verkfæri og rekstravörur	2.694.154	1.910.539
Leiga á tækjum frá GOF	6.000.000	5.000.000
	<u>14.975.438</u>	<u>15.967.530</u>
12. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Sími, nettengingar, burðargjöld o.fl.	821.939	673.732
Ritföng, prentun, ljósrit, bækur og blöð	786.016	586.310
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	2.658.490	2.222.006
Áhöld og tæki skrifstofu	328.749	250.001
Fundarkostnaður, ráðstefnur	407.877	524.984
Auglýsingar	1.314.104	324.788
Gjafir, risna	210.770	76.209
Vátryggingar	151.373	151.046
Aðkeypt bókhalda- og sérfræðiþjónusta	1.435.473	1.587.649
Annar kostnaður	250.800	147.162
	<u>8.365.591</u>	<u>6.543.887</u>

Sundurliðanir

	1.11.2014- 31.10.2015	1.11.2013- 31.10.2014
13. Handbært fé		
Íslandsbanki; 0546-26-803	346.125	7.108.385
Landsbanki 133-26-212	4.969.164	0
Sjóður	0	111.644
	<u>5.315.289</u>	<u>7.220.029</u>
14. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/11	8.416.841	7.729.159
Hagnaður (Tap) ársins	(1.766.428)	687.682
	<u>6.650.413</u>	<u>8.416.841</u>
15. Ógreidd laun og launatend gjöld		
Ógreidd laun	3.868.199	1.430.000
Ógreidd launatengd gjöld	713.683	615.604
Ógreidd staðgeiðsla og tryggingargjald	1.214.047	1.117.295
	<u>5.795.929</u>	<u>3.162.899</u>
16. Ýmsar skammtimaskuldir		
Ógreiddir reikningar og kostnaður	4.818.052	4.552.361
Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts	174.733	301.827
	<u>4.992.785</u>	<u>4.854.188</u>



Í HNOTSKURN:

Konur í GO: 441

Hlutfall í GO: 41%

Nýjar konur 2015: 30

Skráðir fuglar: 417

Skráðir ernir: 10

Hola í höggi: 5

Blómlegt kvennastarf í Golfklúbbum Oddi

- Inga Engilbertsdóttir, formaður kvennanefndar GO, fer yfir starfsárið:

Kvannanefndina árið 2015 skipuðu: Inga Engilberts, formaður, Bergþóra María Bergþórsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Björg Jónsdóttir, Sigfríður Runólfssdóttir og Sigurlaug Friðriksdóttir. Kvannanefndin kom saman reglulega til að skipuleggja og undirbúa starf ársins, sem var fjölbreytt og öflugt eins og áður.

Byrjun kvennastarfsins hófst með hinni árlegu Púttmótaröð kvenna, þ. 22. janúar, sem haldin var í inniaðstöðu GO í Kaupþúni í Garðabæ. Alls voru haldin 8 púttmót, þar sem árangur úr 4 bestu hringjunum var metinn til úrslita.

Vel sótt kvennakvöld

Kvennakvöldið var haldið 20. mars í golfskálanum við Urriðavöll, þar sem konur mættu prúðbúnar og tilbúnar í slaginn fyrir sumarið. Þátttakan var eins og áður hreint út sagt frábær. Borðgjafir voru á hverju borði og Nikki og Pála og starfsfólk sá um að reiða fram glæsilegan kvöldverð, sem var „Ítölsk óvissuferð“. Hin árlega fjáröflunarleið Kvannanefndarinnar fór fram með sölu á happdrættismiðum og gekk sú sala mjög vel, enda margir góðir vinningar í boði. Stebbi og Eyfi voru leynigestir kvöldsins og sá um að koma öllum í mikið stuð. Lokapunktur kvöldsins var krýning á Púttdrottningu klúbbsins 2015, en Aldís Björg Arnardóttir var sigurvegarinn annað árið í röð og fór hún sína 4 bestu hringi á 99 höggum, eða 24 höggum að meðaltali.

Þann 12. maí var komið að „Léttvínkvöldinu“, en þá kynnti Kvannanefnd Golfklúbbsins Odds starfsemi sína fyrir árið 2015. Geysigóð þáttaka var að venju og í lok kvölds afhenti Kvannanefndin Afrekskonum í Golfklúbbum Oddi gjafabréf upp á 200 þúsund krónur til kaupa á samhæfðum golffatnaði fyrir sumarið 2015.



Brosildar Oddskonur við leik í sumar.

Fuglar og ernir

Bryddað var upp á þeirri nýng að hvetja konurnar í Oddi að skrá niður á þar til gerða miða alla fugla og erni sumarsins. Með þessu vildi Kvannanefndin athuga hversu marga fugla og erni konur væru almennt að fá yfir sumarið. Ekki renndi okkur í grun að þátttaka og skráning yrði eins mikil og raun bar vitni. Í lok sumars höfðu verið skráðir alls 417 fuglar og 10 ernir (þarf af 5 sem voru hola í höggi).

Vorferðin innanlands er orðin árlegur viðburður í kvennastarfinu hjá klúbbum. Að þessu sinni heimsóttum við golfsystur okkar að Flúðum þann 29. maí. Áttum við skemmtilegan dag að Flúðum.



Vinkvennamót

Að venju voru vinkvennamótin milli GO og GKG haldin í júní. Þann 9. júní sóttu GO konur GKG heim og spiluðu á Leirdalsvelli. Síðan komu GKG konur á Urriðavöll 18. júní en svipaður fjöldi kvenna mætti úr báðum klúbbum. Það er skemmst frá því að segja að GO konur unnu þessi mót með 692 punktum á móti 650 punktum GKG. Skjöldurinn kom því heim á Urriðavöll í ár.

Í júlí var svo komið að vinkvennamótinu milli GO og GK kvenna. GO konur fóru á Hvaleyrarvöllinn 21. júlí og GK konur komu á Urriðavöll 29. júlí. Veðrið var ágætt á báðum mótum og þátttakan fín, eða um 100 konur í hvoru móti. Eftir sigurinn á GKG konum var mikill keppnisandi kominn í GO konur og planið að ná bikarnum af GK konum þetta árið. Eftir fyrra mótið voru GO konur 3 punktum undir og eftir síðara mótið, hélst sá munur áfram, þannig að GK konur héldu bikarnum og sigruðu með 725 punktum gegn 722 hjá GO konum; grátlega lítill munur aðeins 3 punktar. Nú er það markmiðið fyrir næsta ár að ná þessum bikar heim á Urriðavöll.

Pilsa- og hattamótið var á sínum stað og fór fram 18. ágúst á Ljúflingi. Þá má aðeins spila með tvær kylfur að eigin vali. Eins og alltaf þegar GO konur koma saman var mótið stórskemmtilegt og mikið fjör meðan á leik stóð. Flottar teiggjafir voru í boði og Fjallkonurnar á veitingabílnum voru stöðugt á ferðinni og sáu um að halda konum við efnið með góðri brjóstbirtu. Kvinnanefndin var sérstaklega ánægð með að þó nokkrar konur sem voru með Ljúflingsaðild komu og tóku þátt í þessu móti, enda þær á „heimavelli“ þarna.

Ásta Margrét fugladrottning Odds

Lokamót GO kvenna var haldið 12. september og var leikfyrirkomulag tveggja manna Texas



Frábær þátttaka var í mótum á vegum kvinnanefndar GO í ár.

scramble. Einnig var dregið úr fugla- og arnar-miðunum um það hver myndi hljóta nafnbótina „Fugladrottning Odds“ árið 2015. Það var Ásta Margrét Þórhallsdóttir.

Kvinnastarfið innan golfklúbbsins Odds hefur verið mjög öflugt síðustu ár og árið 2015 var þar engin undantekning. Á árinu 2015 komu 30 nýjar konur inn í klúbbinn og er fjöldi kvenna núna 441 kona, sem er hæsta hlutfall kvenna í golfklúbbi á Íslandi í dag eða um 41% á meðan landsmeðaltal er 29%. Þá hefur kvinnanefndin haldið úti fésbókarsíðunni „Konur í Golfklúbbum Oddi“, þar sem dagskrá, fréttir og viðburðir á vegum kvinnastarfsins eru settir inn og uppfærðir reglulega. Kvinnanefndin vill hvetja þær konur í Oddi sem ekki eru meðlimir að skrá sig þar inn.

Kvinnanefndin er mjög þakklát öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem stutt hafa vel við kvinnastarfið á árinu. Kvinnanefndin er mjög stolt af árangri kvinnastarfsins og væntir þess að það styrkist ár frá ári. Þeim konum, sem starfað hafa í kvinnanefndinni í ár, vil ég þakka frábært og vel unnið starf og vænti þess að árið 2016 verði skemmtilegt, árangursríkt og styrkist enn frekar, enda næg spennandi verkefni framundan.

E.h. kvinnanefndar Golfklúbbsins Odds

Inga Engilberts formaður

(engilberts@simnet.is)



Hatta- og pilsamót kvinnanefndar GO heppnaðist vel og þátttaka góð þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Kvinnastarfið á Urriðavelli er í sérflokki hér á landi.



“
Völlurinn er alltaf að verða
betri og betri með hverju ári og
við komum til með að byggja
á því. Það er okkar markmið
að vera tilbúnir með betri völl
fyrir á hverju ári sem líður.”

Umgengi um Urriðavöll skiptir sköpum - Pistill Tryggva Ölver Gunnarssonar, vallarstjóra Urriðavallar

Nú er komið að nýju starfsári hjá okkur vallarstarfsmönnum á Urriðavelli. Af því tilefni er tilvalið að fara yfir það helsta í okkar starfi í ár og skýra fyrir félagsmönnum umfang okkar starfs. Starfsárið hófst með miklum efnisflutningum úr Urriðaholtti í gegnum heimreiðina á Urriðavelli. Segja má að Búkollurnar hafi tekið yfir heimreiðina og stýrðu í raun okkar ferðum um völlinn. Við á okkar smátækjum áttum ekkert erindi inn í þá umferð. Af þeim sökum vikum við frá og einbeittum okkur að öðrum verkefnum sem fjærst umferð þessara stóru vinnutækja.

Stærsta verkefni síðasta vetrar var stígurinn á 15. braut og þær breytingar sem fylgdu því. Sú vinna tókst vel. Önnur verkefni fólust einkum í dren vinnu og vinna við vatnskerfi í kringum nokkrar flatir vallarins. Jafnframt voru gerðar lagfæringar á aðaldreni vallarins sem er á milli 10. og 11. brautar. Þær breytingar hafa nú þegar skilað góðum árangri eftir mikla rigningu í haust. Glompa við fjórðu flöt var lagfærð og sömu sögu er að segja af hraunjaðri við 7. flöt. Nýr stígur á 4. braut var fullkláraður.

Lagfæringar á heimreið

Árið 2015 byrjaði með svipuðum hætti og árið

á undan. Það fór hrollur um okkur vallarstarfsmenn þegar ljóst var að svellmyndun hafði átt sér stað á Urriðavelli og veltu menn fyrir sér hvort að sagan um svellbrots veturinn mikla 2013/2014 væri að fara að endurtaka sig. Reynslunni ríkari var strax hafist handa við að brjóta upp svellið og fjórum vikum með reglulegu svellbroti var svellið að mestu horfið.

Áfram hélt baráttan við búkollurnar sem drekkhlaðnar óku eftir vegakerfinu á Urriðavelli. Ástandið var orðið mjög slæmt og ófært fyrir okkar vinnutæki. Öll þau tæki sem fóru út komu salt- og drullubarinn í vélageymslu. Áhyggjur okkar af stöðu mála voru orðnar nokkrar. Um vorið hófust svo þrif og lagfæringarnar eftir efnisflutninga vetrarins. Það tók í raun allt vorið, sumarið og hluta haustsins að klára þessar lagfæringar á heimreiðinni og umhverfi hennar.

Dapurt ásigkomulag við opnun

Urriðavöllur hefur oft verið í betra ásigkomulagi við opnun og í hreinskilni sagt þá var ástand vallarins hálf dapurt í vor. Flatirnar, þá sérstaklega þær við hraunjaðarinn, urðu fyrir nokkrum skemmdum um veturinn sem rekja má til kaldskemmda vegna svellsins og sveppasýkinga. Vor-



Unnið hefur verið að endurbótum á tjörnum við 2. og 5. flöt í haust. Sú vinna ætti að vera að baki næsta vor. Endurbættar tjarnir munu stórbæta umhverfi brautanna.



hitinn var ekki að hjálpa til. Þetta var fremur kalt vor og í raun var það ekki fyrr en um miðjan júní sem sumarið kom loksins til okkar. Þá var loksins kominn gróandi og vinnan við flatirnar fór að skila sér. Urriðavöllur var orðinn þokkalegur um miðjan júlí, varð betri og betri eftir því sem því sem leið á sumarið.

Þegar frágangi var að mestu lokið eftir efnisflutninga snérum við okkur að lagfæringum á tjörnum við aðra og fimmtu flöt. Vinna gekk ágætlega með tjörnina við aðra flöt og kom hún vel út. Með haustinu hófumst við svo handa með seinni tjörnina. Það verk hefur tafist því vinnusvæðið er hálf-gert drullusvað eftir endalausri rigningu. Við biðum því færiss með að klára það verk og stefnum að því að klára næsta vor. Það rignir, rignir og rignir.

Hvað er framundan?

Verkefni sem eru framundan hjá okkur til næsta vors er vinna við dren, og vatnskerfi ásamt lagfæring á nokkrum glompum. Jafnframt eru endalaus smá viðhaldsverkefni sem þarf að inna af hendi. Stóra verkefni vetrarsins verður lagning hitaveitu í golfskálann og samhliða því að leggja stíg frá skála og niður á Ljúfling.

Þegar við vallasstarfsmenn gerum upp árið þá er það okkar mat að við stöndum uppi með betri völl en fyrir ári síðan. Breytingin á 2. braut er til bóta og þegar nýtyrft svæði verða fullgróin þá verður þetta bara nokkuð glæsilegt. Völlurinn er alltaf að verða betri og betri með hverju ári og við komum til með að byggja á því. Það er okkar markmið að vera tilbúnir með betri völl fyrir á hverju ári sem líður. Áhersla er lögð á að viðhalda nokkuð hröðum flötum (8,5-9,0 fetum). Það er okkar mat að enn mikilvægara sé að viðhalda jöfnum hraða á öllum flötum en miklum hraða.

Þetta hefur verið gott ár fyrir okkar vallasstarfsmenn. Við viljum þakka félagsmönnum og kylfingum á Urriðavelli kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Umgengi um völinn var að mörgu leyti góð í ár og það hjálpar gríðarlega þegar kylfingar ganga snyrtilega um völinn, laga bolta- og kylfuför. Það getur skipt sköpum þegar litið er til gæða vallasins. Alltaf má gott bæta.

**Golfkveðja,
Tryggvi Ölver Gunnarsson
Vallarstjóri á Urriðavelli**



Vallarstarfsmenn á Urriðavelli ásamt Þorvaldi Þorsteinssyni framkvæmdastjóra eftir vinnufund um framtíð Urriðavallar í nóvember.







Skýrsla mótanefndar GO 2015



Valdimar Júlíusson, formaður mótanefndar GO

„Ég veit að ekkert er meira pirrandi en að komast ekki í golf ef mót eru mörg og þétt. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá eru tekjur af mótum okkur enn nauðsynlegar.“ - Valdimar Júlíusson

Árið 2015 fer nú að renna sitt skeið og gott að líta til baka með mótamál klúbbsins í huga. Allt oft er maður spurður (já/eða skammaður): Hvers vegna ertu með svona mikið af mótum? Völlurinn er alltaf lokaður vegna móta. Hvers vegna gerir þú okkur þetta? Vildi ég að vald formanns mótanefndar væri slíkt að hann réði þessu alfarið en svo er víst ekki. Ég skil öll sjónarmið sem þið félagar mínir hafið tjáð ykkur um þessi mál. Það er gott að fá ykkar sýn og ykkar skoðanir því þið eigið að vera mótandi um þessi mál okkar sem önnur.

Mótanefnd sér um öll innanfélagsmótin og þau eru nokkuð mörg. Opnunarmótið var haldið 16. maí. Alls urðu innanfélagsmótadagar á vegum mótanefndar 15 talsins. Af þessum 15 dögum tekur meistaramótið 7 daga og Powerademótaröðin 4 daga.

Opnu mótin voru alls þrjú. Lokamót Eimskipsmótaraðar GSÍ var hjá okkur og tók 3 daga. Mótadagar á Urriðavelli sem mótanefnd Odds sá

um 2015 voru því 21. Ég lít á innanfélagsmótin sem skapandi vettvang fyrir klúbbsmeðlimi til að hittast í leik og keppni.

Powerademótaröðin er næst stærst á eftir meistaramótinu. Í ár gerðum við tilraun til að skapa meiri spennu. Við höfðum mótin fjögur og þrjú bestu töldu. Eitt mótið var svo Texas Scramble. Þátttaka var góð og í stað þess að hafa önnur og þriðju verðlaun í hverju móti þá höfðum við 10 efstu sætin sem verðlaunasæti í heildarkeppni liðanna. Áfram gaf 1. sætið í hverju móti út að borða. Í ár var það Icelandair Hotels sem styrktu okkur



Guðjón Már Magnússon bjargar sér úr vandræðum í hrauninu.



veglega með jólahlaðborði fyrir 6 manns. Það voru þrjú lið sem skiptu þessu á milli sín: Pinnarnir unnu 2 mót. Gaman að segja frá því að þetta lið var búið til af afgreiðslunni. Bara smalað í lið og þetta varð útkoman. Fyrirliði Pinnanna er: Auður Skúladóttir. DDLL vann eitt mót. Þetta lið vann síðan Heildarkeppnina. Fyrirliði DDLL er: Svavar Geir Svavarsson. Hörkuliðið Grand vann svo eitt mót. Fyrirliði Grand er: Sybil Kristinsdóttir.



Karl hlaut heiðursverðlaun

Mótsstjórn tók þá ákvörðun að veita heiðursverðlaun þetta árið. Heiðursverðlaunahafi fyrir árið 2015 er Karl Magnús Karlsson. Hlaut hann 30.000 kr. gjafabréf frá Icelanders Hotels.

Karl keppti ekki sjálfur þetta árið en hann hélt samt áfram að taka þátt. Hann tilkynnti sitt keppnislið með tölvupósti og tók svo fram að hann væri fyrirliði, framkvæmdarstjóri og búaingastjóri liðsins. Frá því klúbburinn byrjaði með þessa mótarið með þessu sniði árið 2007 hefur Karl alltaf verið með lið og nokkuð sama kjarna leikmanna. Nafnið á liðinu er ekki af verri endanum: Sérsvaitin.

Áhugi Karls og metnaður hefur verið aðdáunarverður og skemmtilegt að fylgjast með þegar Karl mætir með sína sveit á rástíma og er svo klár við skálann að fylgjast með sínu liði taka lokapúttin. Ég man ekki eftir þessu öðruvísi en svo að síðan sest í skála og fengið sér veitingar og farið yfir hringinn. Jákvæðni hans og hin ljúfa nærvera mæti vera okkur uppörvun. Allar nánari upplýsingar um önnur úrslit powerademótariðarinnar er að finna á heimasíðu Odds.

Meistaramótið gekk sinn vanagang og erum við enn að finna hvað betur má fara til að gera þennan stærsta viðburð klúbbsins sem bestan fyrir fé-

lagsmenn. Meistaramótið í ár var eitt af því fjölmennasta sem Oddur hefur haldið.

Klúbbmeistarar Odds 2015 eru: Rögnvaldur Magnússon og Andrea Ásgrímsdóttir.

Holumeistari Odds 2015 er: Elín Hrönn Ólafsdóttir.

Mótamál fyrir næsta ár

Ég hef verið að skoða og íhuga mótamálin hvað er hægt að gera betur og hvort hægt sé að minnka mótaálagið. Er ég með nokkrar hugmyndir er þetta varðar og sérstaklega í ljósi þess að eitt stærsta mót sem haldið hefur verið á Íslandi, Evrópumót kvennalandsliða, verður hjá okkur árið 2016. Ég veit að ekkert er meira pirrandi en að komast ekki í golf ef mót eru mörg og þétt. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá eru tekjur af mótum okkur enn nauðsynlegar. Á ég hér við opnu mótin og boðsmótin. Ég mun kynna nýrri stjórn þessar hugmyndir mínar og vona að þær geti orðið gott innlegg í okkar góða félagsstarf í okkar góða klúbbi.



Hvað mín störf varðar í þessum málaflokki fyrir klúbbinn eru óljós. Nú þegar þessu starfsári lýkur með þessum aðalfundi er ég að ljúka 10. ári í mótanefnd. Af þessum 10 árum hef ég sinnt formennsku í 8 ár. Ég hef haft mikla ánægju að starfa með fjölmörgu góðu fólki í þessi ár. Það sem hefur glatt mig mikið er hversu eldra fólkið okkar er alltaf tilbúið er til þess hefur verið leitað. Því segi ég að lokum takk öll - þið vitið hver þið eruð og þið megið alveg gefa ykkur gott klapp á öxlina.

Gangi ykkur öllum vel í golfleik og keppni á næsta ári.

Með golfkveðju.

Valdimar Júlíusson

formaður mótanefndar



Evrópumót kvennalandslíða í golfi á Urriðavelli 2016 - Stærsta alþjóðlega golfmót á Íslandi til þessa

Evrópumót kvennalandslíða í golfi verður haldið á Urriðavelli hjá Golfklúbbnum Oddi í Garðabæ sumarið 2016. Þetta verður stærsta alþjóðlega golfmót sem haldið hefur verið á Íslandi fram til þessa. Í mótinu munu keppa fremstu áhugakylfingar kvenna í Evrópu ásamt okkar bestu konum. Búast má við um 120 keppendum frá um 20 þjóðlöndum ásamt fylgdarliði. Golfsamband Íslands og Golfklúbburinn Oddur hafa nú þegar hafið undirbúning mótsins. Frakkar báru sigur úr bítum í mótinu á síðasta ári, annað árið í röð.

„Það er ljóst að þetta er mikil viðurkenning fyrir íslenskt golf og það öfluga starf sem unnið hefur verið á Íslandi. Einnig er þetta mikil viðurkenning fyrir Urriðavöll sem hefur þótt einn jafnbesti völlur landsins undanfarin ár af öðrum völlum ólöstuðum,“ segir Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds.

Mótið fór fram á Helsingør Golf Club í Danmörku síðastliðið sumar og var markaðs- og skrifstofustjóri GO, Jón Júlíus Karlsson, viðstaddur mótið og fylgdist með framkvæmd þess. Mótið þótti heppnast vel hjá frændum okkur Dönnum. Í fjölmörg horn verður að líta við undirbúning mótsins. Miðað við ásigkomulag Urriðavallar í sumar verður völlurinn meira en fær um að takast á við Evrópumót í hæsta gæðaflokki.

“

Það verður mjög ánægjulegt og spennandi að keppa á heimavelli á Urriðavelli og frábært tækifæri fyrir áhorfendur.

- Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari



Frá EM kvenna í Danmörku í sumar sem fram fór á Helsingør Golf Club. Allir bestu áhugakylfingar Evrópu taka þátt í mótinu.

Meistaramótið færirst aftur um viku

Evrópumótið fer fram 4. - 9. júlí á næsta ári sem verður til þess að Meistaramót GO verður viku síðar á ferðinni en undanfarin ár. Meistaramótið fer fram 10. - 16. júlí á næsta ári. Mikið álag verður á vallarstarfsmönnum þessar tvær vikur á meðan þessi tvö mót fara fram og verður völlurinn lokaður fyrir almennri umferð á meðan á mótunum stendur.




Verkefnið er eitt það stærsta sem Golfklúbburinn Oddur hefur tekið að sér og er ljóst að þörf er á hjálp frá félagsmönnum GO við framkvæmd mótsins. Við vonum að félagsmenn taki mótinu opnum örmum og bjóði fram aðstoð sína við framkvæmdina. Óskað er eftir sjálfbodaliðum í fjölmörg verkefni s.s.: Vallarþjónustu, skorskráningu, ræsingu og önnur tilfallandi verkefni. Margar hendur vinna létt verk og við vonumst til að fjölmargir félagar muni bjóða fram aðstoð síðan og einnig að fylgjast bestu áhugakylfingum Evrópu. Nánar þegar nær dregur móti.

Ánægjulegt að keppa á heimavelli


„Evrópumótin eru stærstu verkefni sem íslensk landslið taka þátt í og mikill heiður fyrir kylfing að keppa fyrir land og þjóð. Það verður mjög ánægjulegt og spennandi að keppa á heimavelli á Urriðavelli og frábært tækifæri fyrir áhorfendur, sérstaklega ungar stúlkur að fylgjast með og hvetja stelpurnar okkar til dáða og jafnframt fylgjast með atvinnumönnum framtíðarinnar,“ segir Úlfar Jónsson, landsliðsþjálfari í golfi.

Það er við hæfi að Evrópumót kvennalandslíða skuli haldið á Urriðavelli þar sem hæsta hlutfall kvenna í golfklúbbi á Íslandi er í Golfklúbbum Oddi eða 41% á meðan að landsmeðaltal er 29%.




Tölfræði Golfklúbbsins Odds 2015


Skipting félaga eftir búsetu 2015




Kynjaskipting 2015



Bókaðir hringir eftir mánuðum 2015



Skipting félaga eftir aldri 2015



Fjöldi bókaðra hringja á Urriðavelli: 23.506
 Vinsælasti rástíminn: 10:30
 Heimsóknir erlendra kylfinga 2015: 193

Forgjafarþróun í Golfklúbbum Oddi 2015

Meðalforgjöf 2014: 27,0
 Meðalforgjöf 2015: 26,85
 Meðalforgjafarlækkun félaga GO 2015: 0,2 í lækkun

Mest lækkun kylfinga í GO 2015:

Nafn - Forgjöf frá - Forgjöf til - Mismunur

- Aðalsteinn H. Sverrisson 36 - 16,8 - 19,2
- Styrmir Örn Snorrason 36 - 18,9 - 17,1
- Jón Þ. Stefánsson 36 - 19,5 - 16,5
- Veigar Páll Gunnarsson 36 - 19,6 - 16,4
- Steinn Árni Ásgeirsson 36 - 21,6 - 14,4



Leikhraði á Urriðavelli

9 holu hringur

Hraðasti hringur: 01:08 klst.
 Hægasti hringur: 02:32 klst.
 Meðalhraði: 01:59 klst.

18 holu hringur

Hraðasti hringur: 02:42 klst.
 Hægasti hringur: 04:54 klst
 Meðalhraði: 04:03 klst

Leiknir forgjafarhringir hjá félögum GO:

940 félagar GO léku forgjafarhring á árinu 2015
 348 léku ekki forgjafarhring á árinu 2015

Félagafjöldi:

Fjöldi félaga í GO: 1202
 Fjöldi karla: 712
 Fjöldi kvenna: 490
 Ljúflingaðild: 105
 Nýir félagar 2015: 154



☀ 0° - 0 m/sek

☎ 565 9092



Golfvellir

Aðstaða

Félagsstarfið

Kennsla

Um GO

MÍÐLAR GOLFKLÚBBSINS ODDS

www.oddur.is

Golfklúbburinn Oddur tók í noktun nýja vefsíðu um miðjan aprílmánuð 2015. Síðan er grunnstoð í félagsstarfi GO en hefur að geyma helstu grunnupplýsingar um starf klúbbsins á mörgum sviðum. Nýja síðan er öllu meðferðilegri en sú fyrri. Þó er markmiðið að bæta síðuna enn frekar á næstu mánuðum og gera hann enn notendavænni. Hluti síðunnar sem er á ensku skiptir jafnframt miklu máli til að laða að erlenda kylfinga sem geta skilað klúbbum auknum tekjum til framtíðar.

Noktun á síðunni Oddur.is frá apríl til október 2015:

Innlit: 34.665

Notendur: 11.449

Flettingar: 108.152

Meðaltími á oddur.is: 02.24 mín.



Facebook er mjög áhrifamikill og mikilvægur samskiptamiðill fyrir Golfklúbbinn Odd til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra kylfinga á Íslandi og víðar. Fjöldi þeirra sem „líkar“ síðuna hefur vaxið eftir því sem liðið hefur á árið. Í dag eru rúmlega 900 manns sem fylgja Golfklúbbum Oddi eftir á Facebook.

Tölfræði um Facebook Golfklúbbsins Odds:

Fylgjendur: 909

Karlar: 54%

Konur 46%

Innlit á oddur.is eftir kynjum:

Karlar: 54,15%

Konur: 45,85%

Notkun á oddur.is eftir tækjum:

Tölvur: 65,5%

Spjaldtölvur: 18,78%

Snjallsímar: 15,71%



Ákveðið var að endurnýja fréttabréf GO á vor mánuðum 2015 og öll netföng í félagakerfi Golfklúbbsins Odds voru skráð. Póstlisti GO hjálpar starfsmönnum GO að koma áleiðis mikilvægum upplýsingum með skömmum fyrirvara til sem flestra félagsmanna.

Hagnýtar upplýsingar um Fréttabréf GO

Fjöldi pósta 2015: 27 póstar

Fjöldi á póstlista: 1077

Meðallestur: 45%

Meðalsmellir: 9%

Lestartölfræði:

Póstur opnaður í tölvu: 47,4%

Póstur opnaður í síma: 52,6%



Skýrsla afreksnefndar GO

- *Pistill Svavars Geirs Svavarssonar, formanns afreksnefndar GO*



Á hverju starfsári er það markmið nefndarinnar að auka þátttöku GO í því mótahaldi sem GSÍ stendur fyrir til handa afreksfólki þar sem keppt er bæði í einstaklingsmótum og í sveitakeppni GSÍ. Markmiðið er líka að stuðla að góðu og reglulegu æfingastarfi og að reyna að fjölga þátttakendum í hópi yngri iðkenda. Sá kjarni sem myndar í dag eldri sveitir okkar er orðinn nokkuð stöðugur en þó er þar svigrúm til breytinga. Keppni um stöðu í keppnisliðum ætti ávallt að vera markmið góðra kylfinga og vonandi styrkjast lið okkar á næstu árum enn frekar.

Í sumar var gengið nokkuð rösklega í það verkefni að fjölga iðkendum í yngstu aldursflokkunum og var öllum þeim sem mættu á sumarnámskeið í golfi veitt sú umbun að verða Ljúflingsfélagar ásamt því að bjóða upp á æfingar í lok sumars. Þeir krakkar sem höfðu áhuga á að vera áfram í golfi höfðu því góðan vettvang til þess. Þetta verkefni tókst að allra mati vel og öruggt að hægt verður að byggja á þessu starfi á sumrum komandi og vonandi ýtir það undir fjölgun í þessum hópi sem er vel.

Æfingaaðstaðan í Kaupþúni

Að venju hófst afreksstarfið fyrir 2015 í nóvember 2014 og fram að áramótum voru skipulagðar unglingaæfingar sem voru opnar og án endurgjalds með það að markmiði að fá fleiri krakka

inn í starfið. Í byrjun janúar 2015 var starfið farið að taka á sig mynd og inniaðstaðan í Kaupþúni lifnaði við og var vel nýtt af æfingahópum fram á vorið enda sú aðstaða til fyrirmyndar. Aðaláhersla var lögð á að unglingar klúbbsins gætu sótt 2-3 æfingar í viku. Öldungarnir fengu fasta æfingátíma sem voru sámilega nýttir en þar er hægt að gera betur og æfingahópur meistaraflokks kvenna var duglegur að æfa. Þegar komið var fram í maí færðust svo æfingar upp á Urriðavöll og hélt starfið þar áfram fram að sveitakeppnum.

Það er okkur ljóst að umfang okkar unglinga- og afreksstarfs er ekki stórt og mikið mæðir á þeim einstaklingum sem velja sér það að vera í GO. Það gleður mann þó að sjá að við höfum sýnt að við getum vel staðið í okkar keppinautum.



Svavar Geir Svavarsson, formaður afreksnefndar í silkimjúkri golfsveiflu.



Verðlaunahafar í keppni barna í Meistarasmóti GO sumarið 2015.

Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að fylgjast með keppni þessara liða okkar og ég held að það sé auðveldara að skilja hvað það oft munar litlu þegar maður er „þátttakandi“ í svona starfi og sér hvernig leikir eru að þróast. Í mínum huga geng ég út frá því að ef liðin fara með metnað og hug í keppni þá mun árangur nást - mælist kannski ekki endilega í verðlaunapeningum heldur í þeim minningum og ánægju sem keppnin skilur eftir sig.

Ágætur árangur í Sveitakeppni GSÍ

Sveitakeppnin fór fram í ágúst eins og undanfarin ár og sendi GO alls 6 sveitir til þátttöku þetta árið. Karlasveitin okkar lék á Bolungarvík og leikir sveitarinnar voru mjög spennandi þótt þeir hafi ekki fallið okkar megin allir og lauk liðið leik í 4. sæti. Sveitin var þannig skipuð: Ottó Axel Bjartmarz, Rögnvaldur Magnússon, Phill Hunter, Róbert Atli Svavarsson, Hilmar Leó Guðmundsson og Skúli Ágúst Arnarsson.

Kvennalið Odds lék þetta árið í efstu deild kvenna á ný þrátt fyrir að hafa fallið á síðasta ári og átt að leika í 2. deild en vegna forfalla þáði liðið

það með þökkum enda fátt skemmtilegra en að keppa í efstu deild. Liðið átti í hörkukeppni við erfiða andstæðinga og stóð sig með prýði. Lið GO kvenna skipuðu: Andrea Ásgrímsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Auður Skúladóttir, Ólöf Agnes Arnardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Etna Sigurðardóttir.

Öldungalið karla lék í Öndverðanesi og góður hugur var í mönnum að fylgja eftir frábærum árangri frá síðasta ári. Sveit GO hafnaði í þriðja sæti eftir sigur gegn liði GÖ í leik um þriðja sætið í mótinu. Flottur árangur hjá okkar mönnum sem voru ekki langt frá því að komast í sjálfan úrslitaleikinn en töpuðu í spennandi leik. Sveit GO í sveitakeppni eldri kylfinga skipuðu þeir Anton Antonsson, Þór Geirsson, Magnús Birgisson, Magnús Ólafsson, Jóhann Ríkharðsson, Vignir Sigurðsson, Ægir Vopni Ármannsson og Gunnlaugur Magnússon. Magnús Birgisson liðsstjóri GO sagði eftir mótið að ljóst væri að kjarni sveitarinnar sé orðinn mjög góður og frábær stemming í hópnum og stefnt verði á sigur á næsta ári.

Öldungalið kvenna keppti á Hellishólum þar sem liðið hafnaði í 3. Sæti í 2. deild eftir einn öruggan sigur og tvö naum töl. Konurnar munu því leika í 2. deild að ári aftur en eru vonandi staðráðnar í að koma sér í 1. deild enda meira gaman að vera í stórum hóp liða. Liðið skipuðu þær Aldís Björg Arnardóttir, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Hlíf Hansen, Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir, Magnhildur Baldursdóttir og Hulda Hallgrímsdóttir.

Frh. á næstu síðu.



Margir efnilegir kylfingar taka sín fyrstu skref á golfnámskeiði golfklúbba. Hér má sjá kylfinga framtíðarinnar á Ljúlfini í sumar.



Kvennasveit GO lék í efstu deild í Sveitakeppni GSI sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru. Sveitin lék í flottum liðsbúningum merktum GO. Sveitina skipuðu Andrea Ásgrímsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Auður Skúladóttir, Ólöf Agnes Arnardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Etna Sigurðardóttir.



Áhuginn skilar sér á vellinum

Í keppni 15 ára og yngri drengja var keppt á Strandarvelli á Hellu. Alls tóku 15 sveitir þátt þetta árið og var keppni jöfn og spennandi. Okkar keppnisveit var enn ung eins og árið á undan en með meiri keppnisreynslu og það er gaman að fylgjast með áhuga þessara drengja og það hefur svo sannarlega skilað sér á golfvellinum. Liðið lék við lið GK (1), GS og Selfoss, í fyrsta leik unnu okkar drengir lið GK og var það þeim einkar ánægjulegt, í annari umferð biðu þeir ósigur gegn GS en svo kom sigur í síðasta leik við Selfoss. Liðið endaði í 11. sæti þrátt fyrir að tapa bara einum leik. Liðið skipuðu þeir Egill Úlfarsson, Ívar Andri Hannesson, Magnús Skúli Magnússon og Axel Óli Sigurjónsson. Liðsstjóri var Phill Hunter.

Í keppni 18 ára og yngri var keppt á Akureyri. Liðið keppti hörkuleiki við lið lið GR (A), GK (B) og GL, liðið tapaði fyrir GR en hafði sigur á GL en tapaði naumlega fyrir GK í leik um 11. sæti og hafnaði liðið því í 12. sæti. Liðið skipuðu þeir, Hilmar Leó Guðmundsoni, Róbert Atli Svavarsson, Brynjar Örn Grétarsson og Jón Otti Sigurjónsson. Liðsstjóri var Magnús Birgisson en sérlegur ráðgjafi var Ottó Axel Bjartmarz.

Þegar annað frá sumrinu er tekið saman áttum við einnig einstaklinga sem kepptu á mótaröðunum. Ottó Axel stóð sig þrýðilega á Eimskipsmótaröðinni, Ragnar Gíslason og Guðlaugur R. Jóhannsson kepptu með landsliðum öldunga, unglíngarnir tóku þátt í Áskorenda- og Íslandsbankamótaröðunum og svo er vert að minnast á að Magnús Birgisson varð Íslandsmeistari PGA kennara í holukeppni.



Í sumar var gengið nokkuð rösklega í það verkefni að fjölga iðkendum í yngstu aldursflokkunum og var öllum þeim sem mættu á sumarnámskeið í golfi veitt sú umbun að verða félagsmenn í Oddi. Þetta verkefni tókst að allra mati vel og öruggt að hægt verður að byggja á þessu starfi á sumrum komandi og vonandi ýtir það undir fjölgun í þessum hópi sem er vel.

Forgangsmál að útvega inniaðstöðu

Það er erfitt til þess að hugsa að eins og staðan er núna er engin inniaðstaða í höndum okkar GO fólks eins og undanfarin ár en þar sem fyrirhugað er að COSTCO komi í Kaupþúnið höfum við tæmt þá aðstöðu og ekkert staðfest ennþá hvað verður. Þarna höfum við rólega byggt upp aðstöðu sem þó hefur alltaf verið undir þann bagga sett að vita ekki hversu lengi sú aðstaða yrði. Mikilvægt er að útvega nýja aðstöðu sem fyrst.

Markmiðin fyrir komandi keppnisár eru að hlúa betur að æfingastarfinu og ytri umgjörð hvers flokks með þeim ráðum sem verða í boði og vonandi skilar það sér í góðum árangri og skemmtilegu starfi.

Með von um bætt og betra starf á komandi ári, Svavar Geir Svavarsson, formaður afreksnefndar GO



Golfklúbburinn Oddur á Instagram

#gooddur

Í sumar var ákveðið að brydda upp á þeirri nýjung að fá félagi til að taka myndir af golflífinu á Urriðavelli og merkja myndirnar með myllumerkinu **#gooddur** á Instagram með það að markmiði að mynda starf klúbbsins af sjónarhóli félagi. Meðfylgjandi er nokkrar myndir sem litu dagsins ljós í sumar. Við hvetjum félagi sem eru virkir á Instagram til að taka myndir og merkja þær **#gooddur** í gríð og erg.



Góð þátttaka á golfleikjanámskeiðum í sumar

Góður árangur náðist í sumar með golfleikjanámskeiðum sem Golfklúbburinn Oddur og MP Golf stóðu fyrir á Urriðavelli í sumar. Boðið var upp á nokkur námskeið fyrir krakka sem voru að prófa golfþróttina í fyrsta sinn. Um 80 krakkar komu á námskeið hjá klúbbum í sumar og var virkilega gaman að sjá gleðina sem einkennir leik barnanna sem smitaði út frá sér og golfsvæðinu í sumar.

Stefnt er að því að stórefla barna- og unglingsstarfið á næstu árum. Grunnurinn að því er að kynna golfþróttina fyrir yngstu kynslóðinni. Bryddað var upp á þeirri nýjung að bjóða foreldrum, ömmum og öfum í GO sérkjör fyrir sín börn á námskeiðin. Það mæltist vel fyrir og verður áfram unnið að því að fjölga ungum kylfingum á Urriðavelli.



Takk fyrir samveruna og samstarfið á árinu
Sjáumst glöð í bragði næsta vor á Urriðavelli

BORGUN



SAMSUNG

samskip